

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum 36. mál (sjálfvirk gagnagreining).

Í frumvarpinu sem um ræðir segir: *Heimilt er án endurgjalds að gera rafræn eintök af verki sem nýtur höfundaréttar, enda sé tilgangur slíkra eintaka að útbúa sjálfvirkar gagnagreiningar og vinnsla málfræðilegra og tölfræðilegra upplýsinga. Óheimilt er að nota slík eintök í öðrum tilgangi.*


Rithöfundasamband Íslands leggst gegn breytingunni.

Í frumvarpinu er lagt til að sett verði ný takmörkun á einkarétti höfunda til að heimila eða banna eintakagerð af verkum sínum vegna breytts tækniumhverfis. Þ.e. að heimilt verði án sérstakra leyfa hverju sinni að búa til eintök af höfundaréttarvörðu efni til *sjálfvirkar gagnagreiningar*. Rafræn nýting sem þessi er vissulega mikilvæg í rannsóknum t.d. máltækni. Því er áriðandi að huga vel að málum. Ekki er ljóst hvort komið hafa upp vandamál hér á landi varðandi mál af þessu tagi en hinsvegar ljóst að réttthafasamtök hafa heimilað notkun á textum í þessu skyni sbr. heimild til Máltæknisetur.

Innan stofnana Evrópusambandsins er unnið að nýrri tilskipun um höfundarétt og mun gagnagreining af því tagi sem í frumvarpinu ræðir vera þar til skoðunar. Mjög umdeilt er í nágrannalöndum okkar hvernig staðið skuli að lagasetningu hvað þetta varðar enda geta þar stangast á hagsmunir rétthafa og notenda.

RSÍ telur að málið sé það umdeilt og flókið að fara þurfi fram meiri umræða og kannanir á þörfum og hagsmunum aðila áður en sett eru í lög ákvæði um efnið.

Rithöfundasambandið vísar að öðru leiti til umsagnar Félags íslenskra bókaútgefenda um sama mál.

Virðingafyllst  
f.h. stjórnar Rithöfundasambands Íslands  
  
Ragnheiður Tryggvadóttir framkvæmdastjóri